

Snjóflóð

Verklagsreglur og áhættuviðmið fyrir þjóðvegi

Árni Jónsson
ORION Ráðgjöf ehf, Akralind 8, 201 Kópavogi
Sími: 552 9970; arni@orion.is

ÁGRIP

Samgöngur á landi hafa aukist mjög mikið síðastliðin ár, bæði vegna þess að vegirnir hafa batnað verulega frá því sem áður var og bílæign almennings aukist en einnig hafa allir aðdrættir landsbyggðarinnar flust frá sjóflutningum til landflutninga. Mikilvægi landflutninga hefur því vaxið mikið og öll röskun á þeim veldur tjóni sem stundum er ekki mælanlegt.

Á hverjum vetri falla snjóflóð á þjóðvegi landsins með mismiklum afleiðingum fyrir samfélagið á hverjum stað. Í besta falli valda þau aðeins töfum á umferð, oftast í skamman tíma og hefur það yfirleitt eingöngu efnahagslegt tjón í för með sér en í versta falli geta þau valdið mannskaða og áfalli fyrir samfélagið á hverjum stað.

Það fylgir því alltaf viss áhætta að vera í umferðinni á þjóðvegum landsins. Áhættan getur verið af ýmsum toga en sú áhætta sem hér verður til umfjöllunar er vegna snjóflóða sem ná niður á vegina. Hluti áhættu einstaklinga er tilkominn vegna þess að þeir þurfa að nota vegina vegna vinnu en í öðrum tilfellum er fólk tilbúið til að taka áhættu þegar um einkaerindi er að ræða.

Það á að vera hverjum og einum ljóst að það fylgir því alltaf áhætta að aka á vegum landsins, hvort sem um sumar, vetur, vor eða haust er að ræða. Þegar um snjóflóð er að ræða þá bætist sú áhætta við þá almennu áhættu sem er á þjóðvegum.

Markmið verkefnisins er að nýta þekkingu erlendis frá svo og innlenda þekkingu til að setja fram aðferðir til þess að reikna áhættu vegfarenda vegna snjóflóða. Einnig að setja fram aðferðir sem nota má við mat á snjóflóðahættu og forgangsröðun. Þar sem Vegagerðin hefur ekki sett sér viðmiðunarmörk í sambandi við áhættu var ákveðið að fjalla ekki nánar um hana.

Hér eru annars vegar settar fram leiðbeiningar um hvernig standa beri að gagnaöflun og hins vegar hvernig hægt er að flokka og forgangsræða svæðum m.t.t. nokkurra þátta sem hafa áhrif á það hversu alvarlegir atburðir af völdum snjóflóða geta verið.

Þá er hér sett fram ný nálgun á það hvernig hægt er að meta snjóflóðafarvegi m.t.t. afleiðinga, annars vegar innbyrðis á hverju svæði og hins vegar á milli svæða eða landshluta. Þessi aðferðarfræði hefur það fyrst og fremst að markmiði að vera tól til þess að forgangsræða hugsanlegum aðgerðum til varnar snjóflóðum. Aðferðin er einföld í uppsetningu og hægt er að bæta ýmsum þáttum við hana ef vill.

Þessari aðferð hefur verið beitt í tilraunaskyni á einn vegarkafli, þar sem snjóflóð eru tíð, og þar varð niðurstaðan sú að nokkur breyting varð á flokkun/forgangsröðun snjóflóðafarvega frá því sem áður var búið að gera.